ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

# Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands m-l 1 tbl.6.árg.1977

Verð 100 kr.

GERIST ÁSKRIFENDUR! að STÉTTABARÁTTUNNI

# KJARASKERÐING LAUNÞEGANS - GRÓÐI ATVINNU-REKANDANS

## Nokkrar staðreyndir

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1976 kemur í ljós að á síðasta ári jókst vöruútflutningur um 16-18% samhliða því sem miklar hækkanir urðu á íslenskum fiskafurðum erlendis. Verðmætaaukning útflutningsins er áætluð af Þjóðhagsstofnun um 38%. Út frá þessu gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir 3% aukningu þjóðartekna og áframhaldandi aukningu á næsta ári.

En þrátt fyrir þetta segir í sömu skýrslu: "Að kaupmáttur kauptaxta allra launþega verði að meðaltali u.þ.b. 4% minni í ár en fyrra". Miðað við vísitölu vöru og þjónustu eru ráðstöfunartekjur heimilanna ennfremur sagðar minni, eða um 1% minni en í fyrra.


Í þessum tölum Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að launin haldi í við verðbólguna en að sjálfsögðu er það hrein þvæla. Ef laun verkafólks ættu að ná sama kaupmætti og 1. mars 1974 þyrftu þau að hækka um 30%.

Þessar tölur sýna svart á hvítu að á seinasta ári jókst gróði atvinnurekenda og útflytjenda geysilega mikið, á sama tíma og laun launþega var þvingað niður á við með óhemjulegri verðbólgu og þyngri skattlagningu.

## "Launin hækki í hlutfalli við þjóðartekjur"

Á krepputímabilum undanfarinna ára hefur ekki linnt áróðri borgaraflokkanna um nauðsyn þess að allir hertu sultarólina og verkalýðshreyfingin tæki tillit til minnkaðra þjóðartekna og drægi úr kaupkröfum. Þessu lýðskrumi atvinnurekenda var tekið fagnandi hendi af leiðtogum Alþýðusambandsins. Við munum þann söng. Nú er þessari alræmdu kökukenningu ekki hampað eins

FRAMHALD BLS. 3.



# Raforkuverð hækkar vegna stóriðjunnar

Að undanförunu hafa dunið yfir miklar hækkanir á rafmagnsverði til neytenda. Aðalorsakir þessara hækkana eru sagðar vera erlendar skuldir sem þurfi að greiða, skuldir sem stofnað var til vegna bygginga raforkuvera, einkum Búrfells og nú síðast Sigöldu. (Þess ber að geta að Kröfluævintýrið er enn ekki farið að gæta í verði rafmagns en ríkisstjórnin mun hafa í hyggju að koma á nýjum nefskatti svonefndum "orkuskatti" til að greiða þær framkvæmdir.)

En hvernig skyldi standa á því að þessar framkvæmdir eru svona kostnaðarsamar? Ástæðunnar er fyrst og fremst að leita í þeirri markvissu stefnu ríkisvaldsins að raforkuver skuli þjóna þeim tilgangi að byggja upp stóriðnað sem einokunarhringar standa að. Vegna þess að kostnaðarverð raforkunnar er meira en erlendu auðhringarnir er reiðubúnir til að borga fyrir hana er gripið til þess ráðs að láta íslenskt alþýðufólk borga bæði kostnað við byggingu virkjananna og stærstan hluta af framleiðsluverði orkunnar með hærra orkuverði. Á meðan auðhringarnir Alusuiss og Elkem Spiegelverket greiða aðeins um krónu fyrir hverja kílówattstund eru aðrir neytendur látnir borga allt að tífalt meira.

Og enn hefur iðnaðarráðherra samþykkt nýja virkjun sem reist skuli verða og rekin með svipuðu sniði og hinar fyrri. Um áramótin heimilaði ríkisstjórnin Landsvirkjun að hefja byggingu Hrauneyjarfossvirkjunar sem verði 210 Mw, byggð í áföngum og skal fyrri áfanga (140Mw) vera lokið 1981. (Til samanburðar má nefna að Búrfellsvirkjun er 220Mw, Sigalda 150 og Krafla var áætluð um 60Mw). Áætlaður kostnaður við þessa nýju virkjun er um 15-20 milljarðar. Hér er því ekki fylgt þeirri stefnu "aðhalds-og ítrasta sparnaðar" sem forsætisráðherrann hefur boðað þjóðinni grafalvarlegur í fjölmiðlum síðustu tvö ár. Offjárfestingar atvinnuveganna hljóta óhjákvæmilega að auka verðbólguna og lækka laun vinnandi fólks í landinu nema hörð barátta þess komi á móti. Kapitalistarnir vilja ekki láta skerða gróða sinn. Við höfum skýrt dæmi um það frá síðustu árum þar sem eru togarakaupin. Þess vegna verður allt vinnandi fólk að taka höndum saman og berjast gegn þeirri offjárfestingu og sóun náttúruauðlinda sem kemur fram í virkjunarframkvæmdum þessum.

Spár um orkuþörf gefa til kynna að alls ekki sé þörf fyrir svo stóra virkjun eins og Hrauneyjarfossvirkjun til að fullnægja orkueftirspurn a.m.k. næsta áratuginn. Því er augljóst að þessi virkjun er fyrst og fremst í þágu stóriðnaðar. Stækkun álversins í Straumsvík (þ.e. II og III áfangi) mun sennilega krefjast um 100Mw afls, en að auki eru uppi aðrar stóriðjuhugmyndir sem styttra eru komnar í framkvæmd. Að stækkun álversins lokinni munu Alusuiss og Elkem Spiegelverket semmilega nýta um 2/3 af heildarraforkuframleiðslu landsins. Er orkunotkun þessara aðila á ári talin verða 2650 gígawattstundir en orkunotkun landsmanna 1975 (álverið ekki tekið með) var um 1140 gígawattstundir.

Þannig eykst sífellt hlutur stóriðjunnar í heildarraforkuneyslunni, en það hlýtur eðli sínu samkvæmt að hafa í för með sér síhækkandi rafmagnsverð til alþýðufólks ef ekki verður spyrnt við fótum.

ih/-

# Nýtt fiskverð kjaraskerðing

Fiskverð hefur verið ákveðið og er hækkun þess sögð vera að meðaltali um 9%. Raunveruleg hækkun á skiptaverðmæti er þó mun minni því í hæstu flokkunum er stórfiskur sem varla sést í afla núorðið. Það er eftirtektarvert að á meðan verð á þorski hækkar um 9% hækkar ufsa-og karfaverð mun minna (um 4-5%). Er því lítið fylgt eftir þeirri fiskverndunarstefnu í verlagsákvörðunum sem ráðherrar guma af á tyllidögum.

Þessi fiskverðsákvörðun nú staðfestir það álit starfandi sjómanna að lækkun skiptaprósentunnar myndi bitna mjög á kjörum þeirra. Í fyrra var reynt að breiða yfir það með stórhækkuðu fiskverði hver kjararýrnun fólst í þessari breytingu en nú er komið í ljós að sú verðhækkun var aðeins bragð til að draga úr baráttuhug sjómanna á meðan lækkun skiptaprósentunnar var barin í gegn með bráðabirgðalögunum 6. sept.

Vegna þess að "gengissig" krónunnar á árinu hefur verið mun meira en þessari hækkun nemur eykst gróði fiskkaupenda mjög við þessa verðákvörðun því verðlag á fiskafurðum á erlendum mörkuðum hefur stórhækkað að undanförnu (í sumum tilfellum um meiri en 50%).




Samstaða sjómanna og landverkafólks er forsenda þess að sjómönnum takist að bæta kjör sín.

Einokunarherrarnir virðast telja að samstaða sjómanna sé svo léleg og baráttuhugur þeirra lítill vegna lagasetningar Matthíasar að nú láti þeir bjóða sér hvað sem er. En þeim skjátlast verulega í því efni og munu sjómenn ekki sitja lengi undir því að kjör þeirra séu stórskert á sama tíma og gróði útflytjenda hefur aldrei verið meiri.

Rvík. 10.1 1977/-

# Stéttabaráttan vikublað




Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
STÉTTABARÁTTAN kemur út vikulega
Póstfang: Pósthólf 1357, Rvík. Sími: 27810.
Ábyrgðarm: Sigurður I. Andrésson.
Gíró: 27810

Stéttabaráttan I. tbl
6. árg. 18/I. 1977.

# Leið sundrung-arinnar

Nokkrir félagar Kommúnistaflokksins hafa sagt sig úr flokknum. Meginregla hins leníníska skipulags: "Einstaklingurinn hlíti félagsheildinni, minnihlutinn hlíti meirihlutanum, lægri einingar hlíti þeim sem yfir þær eru settar og allir félagar hlíti miðstjórninni" reyndist þessum félögum um megn. Þeir hafa valið leið sundrunarinnar og gert sig seka um alvarlegt brot gegn aga og skyldum kommúnista. Brotthlaup þeirra er sérlega bagalegt þar sem flokkurinn er að takast á við útgáfu Stéttabaráttunnar sem vikublaðs. En þrátt fyrir að nokkuð skarð hafi verið höggvið í raðir íslenskra marxista-lenínista, mun kommúnistaflokkurinn ekki hvika frá ætlunarverki sínu. Lögmál flokksbyggingarinnar um að flokkurinn styrkist við að losa sig við tækifærisstefnuna, gildir jafnt um skipulag hans sem stefnu. Þess vegna verða félagar flokksins að sameinast um reglugerð og stefnuskrá flokksins og heyja baráttu gegn hvers kyns hentistefnu í skipulaginu, í þeim tilgangi að styrkja flokkinn. Kommúnistaflokkurinn hvetur þessa félaga til að endurskoða afstöðu sína og gera upp við tækifærisstefnu sína, í því skyni að efla flokkinn. Sundrungin er meinsemd, sem stéttaróvinurinn einn hefur hagsmuni af. En brotthlaup þessara félaga mun ekki sundra flokknum, hið leníníska skipulag leggur áherslu á kommúníska eiginleika starfsins fyrst og fremst, en ekki fjölda flokksfélaganna. Það sem veitir Kommúnistaflokknum styrk, er fyrst og fremst rétt stefna hans, en ekki fjöldi félaganna. Þess vegna er sameining flokksins um stefnuskrána og lýðræðislegar umræður á grundvelli hennar, trygging fyrir eflingu hans. Vafalaust munu fjandmenn flokksins hlakka yfir brotthlaupi þessara félaga og reyna að gera sér mat úr sundrungaraðgerð þeirra. En allir þeir sem raunverulega vilja vinna að sameiningu marxísku-lenínísku hreyfingarinnar á Íslandi í einn öflugan Kommúnistaflokk, hljóta að fordæma aðgerðir þeirra Allir sem velja leið sundrungarinnar og flýja baráttuna fyrir sameiningu íslenskra marxista-lenínista, með því að sundra KFÍ/ML eða öðrum marxískum-lenínískum samtökum, eru að brjóta gegn sameiningunni. Sameining íslenskra marxista-lenínista gerist á skiplagðan hátt, með meðvitaðri ákvörðun um sameiginlega samstarfsáætlun til sameiningar.

KFÍ/ML hefur sent frá sér ákveðna afstöðu til sameiningar íslenskra marxista-lenínista, en hún er birt í síðasta tbl. Stéttabaráttunnar. Við ítrekum enn frekar hvatningu okkar til EIK m-l að láta af sundrunarstarfi sínu og standa við þá sameiginlegu ákvörðun sem gerð var í apríl á síðasta ári. Við birtum þessa sameiginlegu ákvörðun hér í blaðinu aftur því hún er eini raunverulegi grundvöllurinn að sameiningu íslenskra marxista-lenínista.

Verkalýðsstéttin getur ekki treyst þeim sem velja leið sundrungarinnar. Allir íslenskir marxistar-lenínistar ættu að hlýða hinu mikla kalli Maó formanns: "Sameinist en sundrist ekki, verið opinská og heiðarleg og takið ekki þátt í baktjaldamakki eða samsærum, iðkið marxisma-lenínisma en ekki endurskoðunarstefnu."

9. janúar 1977

**HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?**

Miðstjórn: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810
Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans: Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Rauðu stjörnunnar. Lindarg. 15
Akureyri: Nanna Rögnvaldsd. Byggðavegi 88.
Suðurnes: Jónas H Jónsson Holtsgötu 26. Njarðvík, sími 2641
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.
Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7.

Áður birt í apríl 1976.

# Sameiginleg yfirlýsing miðstjórna KSML og EIKm-l

I

Síðan endurskoðunarsinnaklíka Krúsjeffs hrifsaði völdin í Sovétríkjunum og braut á bak aftur sósíalismann þar, hefur heimsástandið gerbreyst
Við hlið hnignandi heimsvaldsstefnu Bandaríkjanna hefur nýtt heimsveldi myndast. Það seilist nú eftir heimsyfirráðum Nýja heimsvaldið er ungt að árum og gráðugt - það kúgar þjóðir A-Evrópu og heldur fjölmörgum löndum þriðja heimsins í arðránsklóm sínum. Í hvert sinn sem bandarískir heimsvaldasinnar hopa á hæli, reyna Sovétríkin að efla ítök sín eða yfirráð, undir yfirskyni "sósíalisma".
Sovétríkin eru nú ríki sósíalheimsvaldastefnu og fasisma. En jafnhliða framvexti og hnignun þeirrar bandarísku, hefur þjóðfrelsis- og byltingarbaráttu alþýðunnar vaxið fiskur um hrygg, enda skapar upplausn og glundroði heimsvaldastefnunnar, henni hagkvæmt ástand. Byltingin er höfuðhreyfingin í heiminum nú á tímum. Spjótsodda hennar er fyrst og fremst að finna í löndum þriðja heimsins.
Samkeppni risaveldanna-Sovétríkjanna og Bandaríkjanna hefur leitt til mikillar styrjaldahættu. Sovétríkin eru í sókn og stafar því nú meiri hætta af þeim. En milli risaveldanna ríkir ekki aðeins barátta og vígbúnaðarkapphlaup, heldur einnig samvinna gegn alþýðu heimsins og baráttu hennar. Hún er hinsvegar tímabundin og víkjandi fyrir innbyrðis baráttu risaveldanna.
Andstæður í heiminum eru Bæði ósættanlegar andstæður milli kúgaðra og kúgaranna í sérhverju landi og eins milli sósíalísku ríkjanna og kúgaðra þjóða annars vegar og allrar heimsvaldastefnu hins vegar. Tilvist slíkra andstæðna og þróun þeirra, mun óhjákvæmilega leiða til byltingar. Mikil hætta er á styrjöld. Hið eina sem getur komið í veg fyrir hana er byltingarbarátta verkalýðsins og alþýðunnar. Verði styrjöld mun hún leiða til byltingar.

II

Efnaleg og stjórnmálaleg kreppa dýpkar nú óðum á Íslandi.
Í kjölfar hennar harðnar stéttabaráttan. Samtímis verða árásir heimsvaldastefnunnar og risaveldanna á sjálfsákvörðunarrétt og sjálfræði Íslands æ harkalegri.
Á Íslandi er auðvaldsþjóðfélagið löngu komið á síðasta skeið sitt - skeið heimsvaldastefnu og ríkiseinokunar.
Einokunarauðvaldið herðir sem óðast undirokunina og reynir með öllum ráðum að velta byrðum kreppunnar yfir á vinnandi fólk. Lífskjör eru stórlega skert, en borgaralegu flokkarnir, að Alþýðubandalaginu meðtöldu, eru sem ávallt fyrr alsendis ófærir um að vekja, efla og leiða baráttu verkalýðs og vinnandi alþýðu. Enginn flokkanna ver heldur fjöldann fyrir ásælni hins erlenda auðvalds - þeir efla allir ríkisvald auðvaldsins og auðránskerfið. Einokunarauðvaldið nær að svíkja hagsmuni alþýðunnar fyrir sinn hámarksgróða og það selur sjálfsákvörðunarréttinn hvert sinn sem hagur þess krefst. Þetta á við um aðildina að NATO, landhelgismálið og framkomu íslenskra fulltrúa á alþjóðavettvangi.
Í skjóli einokunarauðvaldsins og borgaraflokkanna, spretta upp mismunandi "róttækar" endurskoðunarstefnur, til hægri eða "vinstri" eða þá ómengaður fasismi. Þetta spannar allt frá nasistaáróðri blaðsins "Staðreyndir", til trotskisma og róttæks orðagjálfurs Fylkingarinnar.

III

Ofangreind þróun, innanlands og utan, er hröð. Eina svar verkalýðsins og vinnandi alþýðu við henni er sameining fjöldans á grundvelli stéttabaráttu gegn einokunar auðvaldinu, öðrum atvinnurekendum, ríkinu og hvers kyns afturhaldi, innlendu sem erlendu.
Verkalýðsstéttin er eina forystuaflið sem leitt getur íslenska alþýðu út úr ógöngum auðvaldsskipulagsins og tryggt henni farsæla framtíð og sjálfsákvörðun í sósíalískri byltingu og við uppbygginguu sósíalismans En forysta verkalýðsins er nú í höndum endurskoðunarsinna og stéttasamvinnumanna. Hún hefur fyrir löngu svikið lífshagsmuni stéttarinnar og gengið á mála hjá burgeisunum. Sú staðreynd að Alþýðubandalagið þjónar beint eða óbeint hagsmunum ríkjandi stéttar og að flokkurinn hefur gert þingræðisbaráttuna að aðalatriði en kastað fjöldabaráttunni fyrir róða, merkir einfaldlega að nýs forystuafls er þörf. Slíkt forystuafl framsækinna afla er marxískur-lenínískur kommúnistaflokkur. Flokkurinn berst gegn endurskoðunarstefnunni, sameinar íslenska marxista-lenínista og berst með fjöldanum fyrir fjöldann.
Með þetta fyrir augum hafa KSML og EIKm-l hafið skipulegar umræður samtaka á milli og samvinnu í afmörkuðum baráttumálum. Milli samtakanna er andstæður, bæði í meiri og minniháttar atriðum, en nokkru hefur þó skilað áleiðis síðustu mánuði.
En opinskáar viðræður og samvinna á grundvelli jafnréttis og marxisma-lenínisma er eina færa leiðin til að yfirvinna andstæðurnar. Íslenskir marxistar-lenínistar geta ekki haft neina aðra hagsmuni en verkalýðsstéttin. Hagsmunir hennar eru ótvírætt eining kommúnista og smíði kommúnistaflokks.
Stofnun og uppbygging kommúnistaflokks er mikilvægasta verkefni marxista-lenínista nú í dag.
Miðstjórnir KSML og EIKm-l lýsa yfir vilja samtaka sinna til raunverulegrar sameiningar marxista-lenínista og skora á allt baráttufúst fólk að efla þá viðleitni sem nú er ljós.

Gunnar Andrésson Formaður Miðstjórnar KSML.
Ari Trausti Guðmundsson Formaður Miðstjórnar EIKm-l.



## ÚR BARÁTTUNNI

**Fjöldauppsagnir hjá Breiðholt h/f**

80 starfsmönnum Breiðholts h/f, þar af um 40 smiðum og álíka mörgum ófaglærðum verkamönnum verður sagt upp fljótlega. Orsökin er að verkefnin eru ónóg að sögn forráðamanna. Þessara verkamanna bíður ekkert annað en atvinnuleysi, sérstaklega smiðanna. Uppsagnir verkafólks hafa færst mjög í aukana upp á síðkastið og atvinnulausum hefur fjölgað í desember og það sem af er janúar. Baráttan gegn atvinnuleysi, er eitt af verkefnum verkalýðshreyfingarinnar. Fullfrískt fólk sem er reiðubúið til vinnu, en fær ekkert starf vegna þess að auðherrarnir geta ekki notað vinnuna til að græða á henni, er greinilegt tákn um sjúkleika auðvaldskerfisins. Þjóðfélagskerfi, sem ekki getur séð þegnum sínum fyrir atvinnu, er deyjandi. Verkalýðshreyfingin verður að heyja harða baráttu fyrir rétti verkafólks til að vinna og gegn uppsögnum og atvinnuleysi. Svo lengi sem auðvaldsþjóðfélagið er við lýði, mun atvinnuleysið fylgja því eins og skugginn, sósíalískt hagkerfi er eina lausnin á meinsemdum auðvaldsins. Stéttabaráttan hvetur verkafólk til að senda sér línu, ef uppsagnir eða brottrekstrar eiga sér stað. Baráttuna gegn atvinnuleysinu verður að skipuleggja.

# Til baráttu á grundvelli stéttabaráttu

Kommúnistaflokkur Íslands (m-l) er sameiningarafl allra framsækinna afla á Íslandi. Efling flokksins er höfuðverkefni allra andstæðinga stéttasamvinnu og heimsvaldastefnu, þess vegna skorum við á alla þá sem vilja berjast gegn kúgun auðvaldsins í öllum þess myndum að taka þátt í uppbyggingu flokksins.
Útfyllið reitinn hér fyrir neðan og sendið til KFÍ/ML, pósthólf 1357 Reykjavík

nafn: ______
heimilisfang: ______
kaupst./sýsla/: ______
atvinna: ______

Miðstjórn KFÍ/ML mun hafa samband við þá sem þess æskja.

# Hyggur Sovét á frekari landvinninga?

*Þriðja grein*

## Stjórnlistarleg lega Íslands og útþensla Svétríkjanna á N-Atlantshafi

Útþensla Sovétríkjanna á N-Atlantshafssvæðinu hefur vaxið stórum skrefum á síðustu árum. Á Kólaskaga hafa þeir reist stærstu flotahöfn heimsins, en hún er staðsett í djúpum öngfirði sem gengur inn úr Hvíta-hafinu. Héðan siglir Atlantshafsfloti Sovétríkjanna og honum er sannarlega ekki ætlað neitt varnarhlutverk. Á síðustu árum hafa Sovétmenn byggt risavaxin árásarmóðurskip, en slík skip hafa sem kunnugt er þann tilgang einn að flytja árásarvopn að ströndum óvinaríkis. Það vakti heimsathygli þegar nýjasta og fullkomnasta skip slíkrar tegundar sigldi gegnum Dardanellasund og inn í Miðjarðarhafið, þvert ofan í alþjóðasamþykkt um að slík skip skyldu ekki sigla um sundið. Fyrir rúmu ári fóru fram geysivíðtækar flotaæfingar nyrst á Atlantshafinu sem báru nafnið OKEAN 75. Tilgangur þessara flotaæfinga var að æfa landgöngu og leiftur árás á strendur Noregs og Íslands. Ástæðan fyrir áhuga sovésku sósíalheimsvaldasinnanna á þessu hafsvæði er augljós. Án ítaka á Íslandi og N-Noregi verður sovéskum flota ekki unnt að sigla greiða leið suður með ströndum Evrópu. Hið sama vakti fyrir Þjóðverjum á árunum fyrir síðari heimsstyrjöldina, floti þeirra jók umsvif sín mikið einmitt á þessu svæði og þeir hertóku Noreg í maí 1940, til þess að tryggja yfirráð sín yfir þessum mikilvægu siglingarleiðum. Áður höfðu þeir gert árangurslausar tilraunir til þess að fá fótfestu á Íslandi. Hingað komu „nazískar "kurteisisheimsóknir" með litlu millibili og nazistastjórnin fór fram á herflugvöll á Íslandi og aðstöðu fyrir Luftwaffe hér. Hið sama verður uppi á teningnum með Sovétríkin þegar fram í sækir. Þegar eru sovésk "vísindaskip" orðin tíðir gestir í íslenskum höfnum og flotaumsvif Sovétríkjanna undan ströndum Íslands gerast æ meiri með hverju ári. Og sovésku stríðsherrarnir hafa þegar ljóslega sýnt að þeir skirrast ekki við að beita smáþjóðir yfirgangi, ef hernaðarlegir og heimsvaldasinnaðir hagsmunir þeirra krefjast þess. Þannig afhenti sovéski sendiherrann á Íslandi íslensku ríkisstjórninni formleg mótmæli fyrir hönd stjórnar sinnar þegar fært var út í 200 sjómílna fiskveiðilögsögu haustið 1975. Þessi afstaða þeirra er í fullu samræmi við skoðanir þeirra á hafréttarmálum, þar sem þeir taka heilshugar undir kröfu bandarísku heimsvaldasinnanna um "siglingafrelsi" og "rétt til vísindalegra rannsókna". Þessi slagorð þýða þó ekkert annað, en að risaveldin krefjast þess að fá óhindruð að sigla herskipum sínum um heimshöfin og að ströndum annara ríkja. Þau vilja tryggja sjálfum sér réttinn til "vísindalegra rannsókna" á auðlindum hafsins í þeim tilgangi einum að sölsa undir sig auðlindir annara þjóða. Sovétmenn hafa líka sett fram þá skoðun á alþjóðavettvangi, að þær þjóðir sem væru of fátækar eða illa tækjum búnar til þess að nýta eigin auðlindir, yrðu skyldaðar til þess að leyfa öðrum aðgang að auðlindum sínum, þeim sem þau gætu sjálfar ekki notfært sér. Undir fána hinnar alþjóðlegu vinnuskiptingar krefjast sovésku sósíalheimsvaldasinnarnir réttarins til að rányrkja auðlindir annara þjóða. Þannig eru slagorðin um "rétt til vísindalegra rannsókna" og "siglingafrelsi" ekkert annað en illa dulbúin krafa um frelsi til arðráns og hernaðarumsvifa á heimshöfunum. Og þegar sovésk "vísindaskip" og "rannsóknarskip" koma hér til hafnar ber mönnum að hafa þessar staðreyndir í huga. Þau eru hingaðkomin til að undirbúa rækilega gernýtingu á sjávarauðævum þjóðanna sem búa við N-Atlantshafið, til þess að gera risastórum verksmiðjuskipum sínum kleyft að þurrausa fiskimið annara þjóða.

Nýlega opinberaði yfirmaður sovéska flotans, að togarar og rannsóknarskip væru algerlega undir stjórn flotamálaráðuneytisins og þjónuðu einnig hernaðarlegum tilgangi, með njósnum og á annan hátt. Það hefur lengi verið haft í flimtingum í Morgunblaðinu, að sovéskir togarar stundi njósnastarfsemi og nú verða menn að viðurkenn réttmæti þessara ásakana.

Fyrir rúmu ári síðan fór sovéska stjórnin fram á að fá aðstöðu fyrir togaraáhafnir sínar á Íslandi og vildi koma hér á fót skipti-og viðgerðarstöð. Skömmu áður hafði kúbönsku stjórninni verið neitað um sömu bón. Íslenska ríkisstjórnin hafnaði þessari málaleitan, þó svo "vinstristjórnin" hafi heimilað A-þýskum útgerðarmönnum áhafnaskipti einu sinni. Í ljósi þess, sem staðfest hefur verið af sovéska flotamálaráðuneytinu, að togarar og áhafnir þeirra séu undir stjórn hersins í Sovétríkjunum, var hér í rauninni um annað og meira að ræða, en saklausa skiptistöð fyrir togara. Hér var verið að æskja aðstöðu fyrir starfsfólk sovéska hersins og því gerði íslenska ríkisstjórnin rétt þegar hún neitaði þessari umsókn.

Þessi framkoma Sovétríkjanna minnir óþægilegar á áleitni Hitlers-Þýskalands skömmu fyrir síðari heimsstyrjöld.

Sovéska stjórnin hefur líka skipt sér freklega af innanríkismálum á Íslandi. Fyrir skömmu krafðist sovéska sendiráðið þess opinberlega, að útifundur Kommúnistaflokks Íslands/ML til stuðnings tékkneskri alþýðu, yrði bannaður og kallaði íslensku ríkisstjórnina til ábyrgðar, ef hún færi ekki að þessari kröfu. Ennfremur vísuðu sovétmenn til Helskini-sáttmálans máli sínu til stuðnings og töldu að útfundurinn væri freklegt brot á honum. Jafnvel bandaríska heimsvaldastefnan hefur ekki gerst svo ósvífin, að krefjast þess opinberlega að starfsemi flokka eða samtaka á Íslandi yrði bönnuð. Vitanlega dylst engum að bandarísku heimsvaldasinnarnir starfa að því að brjóta niður og tvístra "vinstri-hreyfingunni" á Íslandi. En þeir hafa hingað til ekki gengið svo langt að setja fram formlega kröfu um að ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um fundafrelsi væru brotin. Tilraunir sovésku sósíalheimsvaldasinnanna til að ógna íslensku ríkisstjórninni og beita hana hótunum í því skyni að banna starfsemi marxista-lenínista hérlendis, sýna berlega skyldleikann við Hitlers-Þýskaland. Helskini-sáttmálinn svokallaði var raunverulega ekkert annað en endurtekning München-samkomulagsins rétt fyrir síðari heimsstyrjöldina. Þar var lögð blessun yfir tangarhald Sovétríkjanna á A-Evrópu og "slökun á spennu" sveif yfir vötnunum. Hver man ekki eftir friðaryfirlýsingum nazista á 4. áratugnum, samhliða geysilegri hervæðingu? Hver hefur gleymt því, að Hitler gerði fjöldann allan af svonefndum "gagnkvæmum ekki-árásarsamningum" við ríki Evrópu, en kom þeim svo í opna skjöldu með leiftur-árás, án þess að rjúfa griðarsáttmálann? Enginn sem hefur kynnt sér söguþróun þessa tíma getur gleymt þessu einkenni nazismans og sá hinn sami kemst ekki hjá því heldur að skoða friðartal sovésku sósíalheimsvaldastefnunnar undir sama sjónarhorni.

Verum þess minnug, að Sovétmenn munu jafn óhikað rjúfa "detente-sáttmála" sína við V-Evrópu og þeir rufu bræðralags-sáttmála sína við Tékkóslóvakíu árið 1968.

Íslensk alþýða verður að vera vel á varðbergi gagnvart aukinni ásælni sovésku hernaðarsinnanna. Orsökin fyrir þessari ásælni er einfaldlega sú, að lega Íslands hefur afgerandi stjórnlistarlegt mikilvægi í komandi ófriði. Þess vegna má líka búast við vaxandi tilraunum Sovétríkjanna til þess að ná hér einhvers konar fótfestu.



Tékknesk alþýða sýnir hug sinn til sovésku "frelsunarinnar".




### Spænskir endurskoðunarsinnar styðja NATO

Allt síðan Suarez forsætisráðherra Spánar tilkynnti að kosningar yrðu á Spáni, og að hinn endurskoðunarsinnnaði Kommúnistaflokkur Spánar fengi ekki að taka þátt í þeim, hefur Þjóðviljinn í sífellu klifað á baráttu spænskra endurskoðunarsinna. En Carillo, foringi þeirra hefur nýlega opinberað afstöðu flokksins til NATO og forræðis bandarísku heimsvaldastefnunnar á Spáni. Carillo lýsti því yfir nýlega, að hann teldi að Spánn ætti að vera í NATO og að leyfa ætti bandarískum her að hafa herstöðvar á Spáni. Þessi yfirlýsing kemur engum á óvart, sem fylgst hefur með hinni "sögulegu málamiðlun" nútíma endurskoðunarsinna í V-Evrópu upp á síðkastið. Berlinguer-flokkurinn á Ítalíu hefur tekið sömu afstöðu, Franski flokkurinn undir forystu Marchais og endurskoðunarsinnar margra annara Evrópulanda. Á sama tíma og alþýða Spánar er að rísa til baráttu gegn áratuga fasískri kúgun, leggja endurskoðunarsinnar megináhersluna á að þeir fái að "bjóða fram" og reyna að sanna spænskri borgarastétt að þeir séu ábyrgir lýræðissinnar. Carillo-flokkurinn afneitar fjöldabaráttunni og leið byltingarinnar, en tekur þess í stað upp stuðning við spænsku borgarastéttina og heimsvaldastefnuna. Spurningin er hvenær Alþýðubandalagsforystan gerir sína "sögulegu málamiðlun" við NATO og bandaríska heimsvaldastefnu. Kannski síðasta vinstri stórnin hafi verið slík málamiðlun?

o

### Mannréttindi ´77

Nýverið birti hópur fyrrverandi stuðningsmanna Dubceks yfirlýsingu, sem þeir nefna "Mannréttindi ´77". Yfirlýsing þessi snýst gegn kúgun sóvéskrar sósíalheimsvaldastefnu á Tékkóslóvakíu og krefst þess að mannréttindum verði komið aftur á í landinu. Allt síðan sovéski herinn bældi niður með vopnavaldi sjálfstæða þróun Tékkóslóvakíu 1968, hefur öll andstaða verið bæld niður með járnhælnum. Viðbrögð ráðamanna við "Mannréttindi ´77" eru á sömu lund. Forvígismenn hópsins hafa verið handteknir og fengið þriðju gráðu yfirheyrslu , og sakaðir um endurskoðunarstefnu og landráð. Rude Pravo aðalmálgagn tékknesku stjórnarinnar hefur harðlega fordæmt starf hópsins og ráðist mjög harkalega gegn starfi hans. En "Mannréttindi ´77" er bara ein mynd andstöðunnar sem fer sífellt vaxandi í austantjaldslöndunum, andstöðu sem ræðst fyrst og fremst gegn sovésku kúgurunum og leppum þeirra í þessum löndum. Baráttan fyrir lýðræði í Tékkóslóvakíu, er þáttur í baráttunni fyrir sósíalisma og endurreisn alræðis öreiganna í landinu.

# KJARASKERÐING LAUNÞEGANS-GRÓÐI ATVINNUREKENDA

mikið. Það er nefnilega ekki meiningin að verkafólk fái að njóta þessara auknu þjóðartekna heldur skulu laun þess lækkuð enn meir.

### Helstu kjaraskerðingarnar

Nýtt skattalagafrumvarp hefur verið lagt fram sem breytir skattakúguninni á alþýðunni í engum meginatriðum. Helstu breytingarnar eru þær að skattar þyngjast á hjónum sem bæði eru útivinnandi. En nóg um það. Besta dæmið um kjaraskerðingarherferð ríkisvaldsins á hendur launamönnum er aukning neysluskattanna. Á það skal minnt að seinustu tvö ár hefur hækkun á neyslu- og tekjusköttum einstaklings numið 24 þúsund milljónum. Á sama tíma hefur hækkun á félögum aðeins numið 148 milljónum. Á það skal einnig minnt að af 62 milljarða heildartekjum ríkissjóðs í fyrra voru um 50 milljarðar fengnir með óbeinum sköttum, þ.e. sköttum sem lagðir eru beint á neysluvörur almennings.

Þetta hefur leitt til þess að framfærslukostnaður hefur stóraukist. Þannig er gert ráð fyrir að framfærsluvísitalan verði komin upp í um það bil 680 stig þann 1. febrúar nk. Þessi sama framfærsluvísitala stóð á 242 stígum þann 1. febrúar 1974. Hækkun framfærslukostnaðar á þessum 3 árum nemur því alls 180%.

### Verðhækkanaskriðan undanfarið

Undanfarið hefur nú alda verðhækkana gengið yfir launafólk. Á aðeins einum mánuði, þ.e. eftir ASÍ þingið hefur stórskriða farið af stað, skriða sem á fáa sína líka. Við skulum taka saman 15 helstu hækkanirnar.

1. Póstburðargjöld hækka um 30%.
2. Afnotagjöld af síma hækka um 35% og önnur símgjöld um litlu minna.
3. Mjólk og mjólkurvörur hækka um 5,4-7,9%.
4. Kartöflur hækka um 7%.
5. Hitaveitugjöld hækka um 10%
6. Rafmagn hækkar um 18% í heildsölu og 14-25% í smásölu.
7. Unnar kjötvörur hækka um 4-7%.
8. Bensín hækkar um 5-6% og gasolía eitthvað minna.
9. Aðgöngumiðar að kvikmyndahúsum hækka um tæp 17%.
10. Öl og gosdrykkir hækka um 5-10%.
11. Kindakjöt hækkar um 6%.
12. Nautakjöt hækkar um 8%.
13. Fargjöld og farmgjöld hjá Skipaútgerð ríkisins hækka um 50%.
14. Tóbak hækkar um 15-16%.
15. Áfengi hækkar um 10%.

MVS/-

# Eflum íslenskan iðnað



Hversu oft hefur þessi setning ekki glumið í eyrum fólks. Í útvarpi og sjónvarpi dagblöðum og reyndar allsstaðar þar sem forvígismenn íslensks iðnaðar hafi mátt mæla. Félög og einstaklingar hafa verið fengnir til að básúna það hversu íslenskar vörur séu góðar.

En er það svo í reynd að þeir sem tala hæst um mikilvægi þess að efla íslenskan iðnað, hafi áhuga á því? Þessari spurningu verður að svara bæði með já og nei, þ.e. atvinnurekendur hafa aðeins áhuga á að efla íslenskan iðnað ef þeir græða á því. Sóknin í hámarksgróða er þeim meira virði en allt annað. Við skulum líta á nokkur dæmi til að athuga þetta nánar.

Allir muna eftir deilunum sem áttu sér stað milli SÍS-auðvaldsins og sútunarverksmiðjunnar Loðskinns á Sauðárkróki. Þar kom í ljós að SÍS vildi ekki selja Loðskinni gærur, vegna þess að þeir sögðust vera búnir að fá svo hagsstæðan samning við Pólverja, er kvæði á um helmingi meiri sölu á hrágærum en áður hafði þekkst. Þá átti bara með einu pennastriki að setja Loðskinn á hausinn, vegna þess að þeir fengju ekkert hráefni til vinnslu. Þetta myndi þýða að tugir verkamanna og kvenna myndu tapa vinnunni hjá Loðskinn. Hvaða hagsmunir voru það sem SÍS-herrarnir voru að vernda í þetta sinn? Ekki hagsmunir íslensks iðnaðar, þó þeir gali manna mest um nauðsynina á að efla íslenskan iðnað. Ekki hagsmunir alþýðunnar: Nei fyrir þeim er þetta einungis spurning um hámarksgróða og að tryggja einokunaraðstöðu sína.

Annað dæmi sem er mér skylt, er það að hér í bæ er iðnrekandi sem kemur oft fyrir framan alþjóð uppfullur af frösum og kjaftæði um að það sé skylda hvers og eins að velja íslenskt. En þessi sami maður berst harðri baráttu fyrir því að setja íslenskt fyrirtæki á hausinn, vegna þess að honum er illa við eigendur þess.

Forsaga málsins er sú, að þessi maður Haukur að nafni var í félagi við annan mann og áttu þeir verksmiðju hér í bænum sem heitir Plastprent. Síðan SLITNAÐI upp úr samstarfinu og setti þá hinn á legg aðra plastverksmiðju sem heitir Plast-Os. Síðan hefst hin æðislega keppni um að ná undir sig markaðnum. Nú vill svo til að sá sem á Plast-Os er stór hluthafi í öðru fyrirtæki sem heitir Etna h/f og framleiðir öltappa fyrir gosdrykkjaverksmiðjurnar hér á landi. Eigandi Plastprent, hefur undanfarin ár flutt inn tappa, en í það litlum mæli að það hefur lítið komið niður á framleiðslu Etnu, en nú ætlar hann að fara að flytja inn tappa í stórum stíl til þess að keyra niður framleiðsluna hjá Etnu og koma henni á hausinn.

Nú var ég svo óheppinn að vera starfsmaður hjá Etnu h/f, og skömmu fyrir jólin skaut verksmiðjustjórinn verksmiðjustjórinn því að mér (hann átti óvart leið fram hjá mér og þótti sekmmtilegra að láta mig vita með fyrirvara) að ég væri rekinn frá og með áramótum. Ég varð að vonum dálítið hissa og hváði eftir ástæðunni fyrir uppsögninni. Jú hún var sú sem framan greinir. Samdráttur í framleiðslunni eins og það heitir á fínu máli.

Hvað gat ég gert? Ekki gat ég haldið því fram að hann ætti að reka einhvern annan fyrst á þeirri forsendu að ég væri búinn að vera þarna lengur, vegna þess að fastir starfsmenn fyrirtækisins eru bara tveir. Og hinn var búinn að vera í sjö ár þarna. Það er rétt að láta það fylgja með þessu greinarkorni að þessir tveir menn, framleiða verðmæti fyrir milli 200-300 þús á dag, þannig að gróði fyrirtækisins er ofboðslegur.

En eins og áður sagði þá er það eina mottóið sem auðvaldsherrarnir þekkja, það er sóknin í hámarksgróða, þannig að ég varð að víkja vegna þess að af þessum 200-300 þús á dag fékk ég um 5 þús. (tæp 2%) og það hefur þeim þótt of mikið.

ghr/verkam.

# Fréttatilkynning frá landhelgissamtökunum

Stéttabaráttunni hefur borist fréttatilkynning frá fundi Landhelgissamtakanna sem haldinn var í Lindarbæ 27. nóv. 1977. Þar segir m.a.:

"Fundurinn mótmælir harðlega öllum samningum við útlendinga og um leið allri rányrkju á Íslandsmiðum.

Fundurinn skorar á ríkisstjórnina að semja ekki um neinar veiðiheimildir til erlendra aðila.

Fundurinn telur að allt tal um gagnkvæmar veiðiheimildir eða gagnkvæma "fiskvernd" sé einungis lymskulegt bragð af hálfu EBE til að fá samþykki við áframhaldandi veiðum á Íslandsmiðum.

Landhelgissamtökin skora á íslenska alþýðu og þau samtök sem verja vilja hagsmuni hennar og málstað að sitja ekki auðum höndum meðan samningaundirbúningur og samningar eru langt á veg komnir heldur skipuleggja mótmælaaðgerðir og senda yfirlýsingar til ráðamanna."

# Stéttabaráttan vikublað

Nú hefur Stéttabaráttan göngu sína sem vikublað. Vissulega eru geysilegir erfiðleikar sem leysa þarf, áður en vikublaðið nær þeirri festu sem það þarf að hafa. Erfiðleikarnir hafa enn aukist við það, að félagar sem áður sátu í Ritnefnd blaðsins, hafa hlaupist á brott og yfirgefið Kommúnistaflokkinn. En útgáfa vikulegs málgagns verkalýðsstéttarinnar þarfnast ekki fyrst og fremst sérfræðinga, þó svo sérþekking og starfsskipting létti starfið mikið að sjálfsögðu. Útgáfa vikublaðsins þarfnast fyrst og fremst náinna tengsla við fjöldann, stöðugrar gagnrýni félaga og stuðningsmanna og pólitískrar stefnu. Félagar flokksins eru fyllilega meðvitaðir um þá erfiðleika sem þetta átak hefur í för með sér, og þeir eru staðráðnir í að takast á við erfiðleikana og leysa úr þeim með baráttu. Vikublaðið er ekki aðeins merkur áfangi fyrir flokkinn, heldur einnig mikilvægt skref fyrir skipulagningu verkalýðsstéttarinnar. Það sem lengi hefur háð baráttu hennar, er að hún á sér engan sameiginlegan málsvara, ekkert tæki sem veitt getur upplýsingar um gang baráttunnar á hverjum stað og miðlað reynslunni milli hinna ýmsu hópa stéttarinnar. STÉTTABARÁTTAN getur og mun gegna þessu hlutverki sem vikublað.

**Gagnrýni verkafólks er nauðsyn.**

Við útgáfu vikublaðsins er ekki bara um einhliða tengsl flokksins við stéttina að ræða. Til þess að tengslin byggi á reynslu og skipulagningu verkafólks, er nauðsynlegt að það láti í sér heyra, skrifi greinar sem afhjúpa misferli auðvaldsþjóðfélagsins og arðránið bæði á vinnustöðum sem í viðskiptum manna á milli. Verkafólk verður að gagnrýna blaðið, með það fyrir augum að byggja það upp og gera það að raunverulegu vopni í stéttabaráttunni. Við höfum þegar fengið gagnrýni frá verkafólki í Straumsvík sem bendir á óeðlilegt hlutfall milli erlendra greina og innlendra í blaðinu. Vissulega er nauðsynlegt að fylgjast með baráttunni út í veröldinni og uppfræða um árangur byltingarbaráttunnar þar. En eins og félagarnir í Straumsvík benda réttilega á, verður blaðið fyrst og fremst að þjóna því hlutverki, að leiða stéttabaráttuna hérlendis. Greinar sem taka fyrir uppsagnir eða brottrekstra greinar sem uppfræða og skilgreina arðránið í skattkerfinu eða vöruverðshækkununum, eru þýðingarmiklar, því þær benda á leið baráttunnar í þessum málum. Alltof oft höfum við farið út í samninga og orðið að horfa á eftir kauphækkunum í súg verðhækkana á eftir, án þess að fá rönd við reist. STÉTTABARÁTTAN sem vikublað, getur betur tengt saman baráttuna en áður og leitt hana til árangurs. Það er verkefni allra félaga og stuðningsmanna blaðsins að tryggja grundvöll vikublaðsins sem allra best og sem allra fyrst. Erfiðleikarnir eru miklir en við vinnum enga orrustu ef við höldum ekki til hennar, ráðin í að sigra.

Tökum öll á og herðum róðurinn í uppbyggingu málgagns verkalýðsstéttarinnar - STÉTTABARÁTTUNNAR.

# Hverjum þjónar leyndin?

Yfir hinum umfangsmiklu sakamálum, sem komið hafa í dagsljósið undan farin ár, hvílir mikil leynd. Geirfinnsmálið, svokallaða er dæmigert fyrir þetta. Í upphafi málsins komst töluverður skriður á rannsóknina,, en um leið og málið fór að tengjast vissum aðilum, m.a. veitingahúsinu Klúbbnum var eins og kippt væri í spottana. Rannsókn málsins var tekin úr höndum Keflavíkurlögreglunnar og fengin sakadómi Reykjavíkur. Langur tími leið þar til málið komst aftur í dagsljósið, fyrst og fremst vegna baráttu blaðamanna og aðila sem ekki störfuðu að rannsókn þess. Á meðan höfðu yfirvöld samband við alsjáendur í Hollandi og Persíu og lögðu megináherslu á að gera málið að dularfullu mannshvarfi. Þegar Guðmundar málið blandaðist síðan inn í málið og framburður vitna leiddi enn til veitingahússins Klúbbsins var enn gripið í taumana. Nú var fenginn þýskur sérfræðingur til rannsóknarstarfans og honum uppálagt að þegja algerlega um gang rannsóknarinnar. Hið eina sem síðan hefur birst, eru óljósar og oft ósamkvæmar yfirlýsingar sem aðeins varpa ljósi á það, sem áður var almennt vitað, að morð hefði verið framið og að þrír hinna handteknu hefðu átt aðild að morðunum. Hins vegar hafa mörg málsatvik, sem í fyrstu komu fram eða síðar hafa komið fram í sambandi við framburð vitna verið hulin algerri leynd. Tengsl sem talin hafa verið milli málsins og hins svokallaða Leirvogsárslyss, hafa ekki verið rannsökuð eða skýrð. Rauði Fiat-bíllinn sem lögreglan lýsti eftir í fyrstu og talinn var tengjast morðinu á Geirfinni Einarssyni, hefur ekkert komið við sögu síðan, þótt fullvíst sé hvar hann var falinn meðan leitin fór fram. Þáttur Klúbbmanna í málinu hefur fallið gleymsku yfirvaldanna að því er virðist og tengslin við ávísana-misferli og svindl hafa ekki verið skýrð. Hverjum þjónar þessi leynd? Og hvers vegna er aðalþunganum beint gegn rannsóknarlögreglumönnum 2 sem komið hafa við sögu í öllum þessum málum. Sakadómur telur liggja mest á að rannsaka hvernig þeir komust að málsatvikum og hvaða aðferð þeir beittu við rannsóknir sínar. Hins vegar liggur ekkert á að rannsaka misferli þeirra sem rannsóknarlögreglumennirnir hafa handtekið. Það mætti geta sér þess til, að rannsóknir þeirra snertu eitthvað kaun stjórnarherranna og að þeir ætli sér að kæfa málin niður til að bjarga sér út úr klípunni sem þeir eru í. Alla vega geta yfirvöldin verið viss um eitt. Geirfinnsmálunum er engan veginn lokið, jafnvel þótt þeim takist að þagga niður í Kristjáni og Hauki. Almenningur á heimting á því, að yfirvöldin hreinsi sig af tengslum við sakamennina eða víki burt að öðrum kosti. Stjórnarherrarnir hafa ekki gert sig líklega til þess að fægja skjöld sinn fyrir almenningi og það geta þeir heldur ekki. Spillingin sem rannsókn Geirfinnsmálanna hefur afhjúpað, er engin undantekning, hún er regla í þjóðfélagi gróðans. Hvarvetna í veröldinni hafa ríkisstjórnir og ráðamenn orðið að víðurkenna þátt sinn í mútugreiðslum, svikum og njósnum og öðru misferli. Ríkisstjórn Íslands er áreiðanlega ekki óspjölluð mey í þeim efnum, svo mikið er víst.


**Rauða Stjarnan**
**Bókabúð**

Rauða stjarnan selur mikið úrval bóka og blaða frá mörgum löndum.
Rauða stjarnan kappkostar að hafa á boðstólum allar fáanlegar íslenskar bækur er fjalla um málefni og baráttu verkalýðsins.
Ennfremur: hljómplötur, veggspjöld, sjálflímmiða, kúlupennar og kínversk te.
Komið-skoðið-kaupið.
Sendum í póstkröfu um allt land

**Rauða Stjarnan**
**Bókabúð**
Lindargötu 15 Reykjavík
Pósthólf 1357 R.